



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM SAFNANÓTT 2020**

Í dag, föstudaginn 7. febrúar, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Vetrarhátíð og Safnanótt 2020. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu milli klukkan 19:00 og 22:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Gestir munu geta skoðað Bessastaðastofu, móttökusal, bókhöfuð forsetasetursins og kirkjuna. Þá mun ein af fyrri embættisbifreiðum forseta Íslands verða til sýnis á hlaði Bessastaða.

Starfsmenn embættis forseta verða til leiðsagnar og nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Menntaskólanum í Kópavogi og nemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands verða gestum til aðstoðar auk fleiri sjálfboðaliða.

*7. febrúar 2020*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*